

LISTIR

Mad Max og gamlir meistarar

MYNDLIST

Listasafn Reykjavíkur – Kjarvalsstaðir

MÁLVERK
ODD NERDRUM

Safnið er opið alla daga vikunnar kl. 10–17 nema á mívíkudögum kl. 10–19. Sýningin stendur til 31. janúar.

NORSKI listmálarinn Odd Nerdrum hefur nú skipað sér í hóp frægra Íslandsvina sem ganga skrefinu lengra en að staldra bara við í Leifstöð, heldur kaupa sér hús hér á Fróni til að setjast að eða búa hluta úr ári. Í miðrymi Kjarvalsstaða hanga nú þrjú stór málverk eftir Nerdrum, máluð á árunum 2001–2002. Nerdrum er sérstakur „gestur á adventunni“, eins og aðstandendur, eða forstöðumaður, safnsins kjósa að kalla það, og er sýningin nokkuð óvænt í ljósi þess að í fyrravetur var stór yfirlitssýning á verkum hans í vestursal safnsins.

Ég ætla að leyfa mér að fullyrða það að Odd Nerdrum sé þekktastur núlifandi listmálari frá Noregi. Hann, ásamt listmálurum eins og Stephen McKenna og Carlo Maria Mariani, vakti fyrst alþjóðlega athygli á níunda áratug síðustu aldar fyrir að mála í anda gömlu meistaranna. Odd Nerdrum er þó ekki bara „endurfæddur“ meistari málalistar eins og oft er gefið til kynna. Opinberlega lifir hann persónu sína, eða egó, samkvæmt þeim gildum sem hann stendur fyrir í listum, hvort sem það er í framkomu eða klæðnaði, og hefur hann, líkt og listamennirnir Joseph Beuys og Andy Warhol gerðu á sínum tíma, skapað sér ímynd, eða goðsögn, sem hefur talsverð áhrif á



„Annað líf“ Odds Nerdrum.

hvernig hann er metinn sem listamaður. En fyrst og fremst eru það auðvitað málverkin sem gera hann að þeim virta og umdeilda listamanni sem raun ber vitni. Við megum þó ekki bara dáast að hæfni hans og merkja svo málverkin sem póstmóðernískt „kitsch“ unnið í anda 16. og 17. aldar málara á borð við Pieter Brugel og Rembrandt Van Rijn. Þau eru frásagnarheimur út af fyrir sig sem minnir á myrkar miðaldir, en virðist eiga sér stað í eyðilegri framtíð, eins og eftir kjarnorkustríð, líkt áströlsku hasarmyndunum um Mad Max. Auk þess er margt í málverkunum sem forvitnilegt er að skoða í samhengi við kvikmyndir Andreis Tarkovskís, en einhver óræður óhugnaður liggur yfir málverkum Nerdrums sem erfitt er að festa hönd á og er það sams konar andrúm og oft er í myndum Tarkovskís, eins og „Andrei Rublev“ og „Stalker“. Málverkin á Kjarvalsstöðum eru engin

undantekning á því. „Fimm syngjandi konur“ sýnir fimm konur og einn dreng sem frekar sýnast látin á sandinum en syngjandi. „Geðsjúklingar“ vekur jafnframt óhug og „Annað líf“ er sjálfmynd listamannsins þar sem hann annaðhvort sekkur eða rís úr jörðu, sem er, eins og í flestum myndum hans, sótt í eyðilegt landslag á Íslandi. Myndir Nerdrums spegla yfirleitt eitthvað í lífi hans sjálfs, en hvort konurnar fimm eru úr fortíð listamannsins og hann drengurinn, „Geðsjúklingarnir“ einhver tilfinningabrot eða hvort „Annað líf“ hefur eitthvað með ákvörðun hans um að setjast að á Íslandi að gera getur maður aðeins velt fyrir sér. En þegar öllu er á botninn hvolft stendur maður frammi fyrir þungum og áleitnum málverkum í epískum búningi sem maður vill helst flýja en getur samt ekki svo auðveldlega slitið sig frá.

Jón B.K. Ransu

Skjól og skraut

MYNDLIST – HÖNNUN

Gallerí Skuggi

VERK UNNIN ÚR ULL, ANNA ÞÓRA KARLSDÓTTIR, GUÐRÚN GUNNARSDÓTTIR, TÓ-TÓ

Til 22. desember. Gallerí Skuggi er opið þriðjudaga til sunnudaga frá kl. 13–17.

TÓ-TÓ er nafnið á hönnunarsamvinnu myndlistarkvennanna Önnu Þóru Karlsdóttur og Guðrún Gunnarsdóttur. Báðar hafa þær verið virkar innan myndlistarinnar um árabil. Anna Þóra hefur mestmegnis unnið með ull og sýndi m.a. ullarverk í Listasafni ASÍ í nóvember síðastliðnum. Guðrún Gunnarsdóttir er menntuð í veflist og hefur reynt fyrir sér með ýmis efni á því sviði á undanförunum árum. Verk hennar unnin með vír, fingerðar þrívíðar teikningar, hafa vakið nokkra athygli og lof gagnrýnenda. Samhlíða myndlistinni vinna þær Anna Þóra og Guðrún síðan saman að hönnun sem nefnist TÓ-TÓ en ein merking orðsins tó er ullarvinna. Þær selja afurðir sínar meðal annars í Kirsuberjatrénu við Vesturgötu. Þar má til dæmis sjá skálar, fjöll og steina úr ull, unnin hugvitssamlega og af húmor fyrir möguleikum efnisins og íslenskrí þjóðarsál.

Eins og eðlilegt er þegar unnið er jöfnum höndum og með sömu hráefni innan myndlistarinnar og í hönnun kemur að því inn á milli að erfitt verður að greina mörkin þarna á milli. Nú sýna listakonurnar beinlínis út frá þeirri spurningu hvort hluturinn geti í raun verið bæði, falið í sér eiginleika myndlistarverks og einnig haft notagildi sem hönnun. Þetta er frekar háll ís að fóta sig á og veltur dálítið á því hvaða kröfur eru gerðar til myndlistarverka. Í myndlist sinni hefur báðum listakönunum



Reyfi, verk eftir Tó-Tó í Gallerí Skugga við Hverfisgötu.

tekist að vinna á áhugaverðan hátt á eigin forsendum, Guðrún Gunnarsdóttir hefur tekið vefformið og lagt áherslu á grunneiginleika þess, þráðinn sjálfan og möguleika hans. Anna Þóra hefur skapað verk úr ullinni sem ekki er hægt að skoða öðruvísi en sem hluta af höggmyndalist.

Verkin sem Tó-Tó sýnir hér eru falleg hvað varðar áferð, form og lit og hvert um sig vekja þau áhuga á nánari skoðun. Þau eru falleg fyrir augað og frumlega unnin, við athugun má sjá ýmislegt í þeim, mismunandi mynstur, liti og áferð.

Í fréttatilkynningu er lögð áhersla á margnota gildi verkanna, þeim má til dæmis sveipa um sig eins og sjali. Framsetning verkanna í galleríinu er hins vegar svo einföld, en þau hanga á vír meðfram veggjum, að sýningin sem slík nær ekki að verða mjög spennandi. Kannski er hún hugsuð með möguleika áhorfandans í huga, að fólk gæti hreinlega tekið verkin niður og gengið með þau um galleríið og þau lifnað þannig við, en ég veit ekki hvort það gerist í raun og veru. Önnur framsetning eða einhver viðbót við sýninguna hefði ef til vill getað auðveldað áhorfandanum að sjá fyrir sér möguleika verkanna.

Þrátt fyrir þessa anmarka sýn-

ingarinnar sé ég fyrir mér að að verkin standi undir sér sem frumleg hönnun/myndlistarverk við ákveðnar aðstæður eða framsetningu. Á góðum stað í rúmgóðum gangi í heimahúsi getur óvænt umbreyting átt sér stað þegar verkið er þrifið niður af veggnum og því vafið um axlir á leið út.

Ragna Sigurðardóttir

Slappaðu af

í Amerískum hvíldarstól

m/áklæði kr. 52.900
m/leðri kr. 79.900

Opíð
frá 10-18
Laugard. frá 11-16
Sunnudaga 13-16

Val húsgögn

Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375

Orkuveitan flytur!



Afgreiðsla Orkuveitunnar opnar á nýjum stað mánudaginn

23. desember í glæsilegum húsakynnum

að Bæjarhálsi I.

Afgreiðslan er opín frá kl. 8.30 – 16.00 alla virka daga

Allar nánari upplýsingar er að finna á:

www.or.is

Nýtt símanúmer 516 6000



Bæjarhálsi I - 110 Reykjavík

